

# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Tilvísun: 2008100037

## ÁKVÖRÐUN FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS

um fjórðu breytingu á ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dags. 9. október 2008

um ráðstöfun eigna og skulda

Landsbanka Íslands hf. til Nýja Landsbanka Íslands hf.

Með heimild í 100. gr. a. í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008, tekur Fjármálaeftirlitið eftirfarandi ákvörðun:

### FORSENDUR:

Í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins í þessu máli frá 9. janúar 2009 var tekið fram að ástæða væri til að taka upp fyrri ákvörðun, frá 9. október 2008, að því marki sem hún snéri að mati á þeim eignum og skuldbindingum sem ráðstafað var til hins nýja banka. Um væri að ræða flókið verkefni sem er viðameira en ætlað var. Jafnframt sé mikilvægt að vel takist til og að eðlilegt samráð sé haft við skilanefndir og fulltrúa kröfuhafa eftir því sem unnt er. Af þessum sökum var talið nauðsynlegt að veita rýmri tímafrest til að ljúka matinu. Ekki lá þó fyrir endanlega hversu langur sá frestur þyrfti að vera en ákvörðun um það yrði tekin eigi síðar en þann 15. febrúar 2009. Er því nú tekin eftirfarandi ákvörðun um breytingu á lokamálslið 10. tl. í ákvörðun Fjármálaeftirlitsins frá 9. október 2008., sbr. ákvörðun eftirlitsins þann 9. janúar 2009.

### ÁKVÖRÐUN:

Niðurstaða matsaðila um mat á eignum og skuldum skal liggja fyrir eigi síðar en 15. apríl 2009.

Öll ákvæði fyrri ákvarðana í þessu máli eru óbreytt.


### FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

14. febrúar 2009.



Gunnar Haraldsson

Formaður stjórnar



Ragnar Hafliðason

Forstjóri